


| | | | |
|-------------------|-------------------------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | STP 101 Verkstæðiskynning Kennsluáætlun 3 önn haust 2013 |  |
| Útgáfa: 08 | | | |
| Dags.: 30.08.2011 | | | |
| Höfundur: HRS | | | |
| Samþykkt: SHJ | | | |
| Síða 1 af 1 | | | |

| | | | |
|----------------|-------------------|---------------|-----|
| Kennari | Bragi Finnbogason | Sk.st. | BFI |
|----------------|-------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Nemendur fara á bifreiðaverkstæði sem samið hefur verið við áður um starfskynningu og þjálfun í 4 daga frá kl. 13.30 til loka vinnudags á hverjum stað. Að þeim tíma liðnum sækir kennari umsagnarblað til verkstjóra á þeim vinnustöðum sem nemendur voru á. Nemendur skili verkefni sem lýsi vinnu þeirra og upplifun þessa daga. Verkefnið skiptist í þrjá kafla sem eru um það bil 1000 orð samtals. Fyrsti kafli lýsi því sem nemandinn starfaði við og hugmyndum hans um verkefnin (ca. 500 orð). Annar hluti lýsi vinnuumhverfi og aðstæðum á því verkstæði sem nemandinn starfaði á (ca. 200 orð). Lokakafliinn sé samantekt á skoðunum nemandans á starfinu á bifreiðaverkstæðinu og rökstuðningur fyrir því hvers vegna hann valdi að læra þessa iðngrein (ca. 300 orð).

Markmið:

Nemandi þekki:

Helstu störf sem eru unnin á bifreiðaverkstæði og geri sér grein fyrir starfsumhverfi almenns bifvélavirkja.

Nemandi geti:

Lýst á skipulegan hátt því starfi sem hann tók þátt í á því bifreiðaverkstæði sem hann heimsótti og starfaði á í fjóra daga.

Námsgögn:

Lýsing kennara á verkefni lotunnar.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsfni lotunnar, sem er að kynna sér starfsumhverfi á bifreiðaverkstæði. Þeir vinna eitt verkefni sem hefur verið lýst í áfangalýsingunni hér að ofan. Skiladagur og staður 02.09.2013 fyrir kl. 14.00 í Fjölnisgötu 6 a. Berist verkefnið eftir að skilafresti lýkur dregst 1.0 af einkunn verkefnisins fyrir hvern hafin sólahring frá því að skilafresti lauk.

Verkefni:

Nemendur vinna eitt skriflegt verkefni, og þau verk sem þeim eru falin á vinnustöðunum.

Námsmat og vægi námsþáttá:

Skýrsla verkstjóra á vinnustað 40% af einkunn lotunnar sem skiptist þannig:

Mæting á tilsettum tíma 20%, ástundun (skilaði nemandinn með sóma þeim verkum sem honum voru falin) 60%, áhugi 10% og snyrtimennska 10%.

Verkefni nemanda sem vegur 60%, og byggist einkunn þess þannig upp:

Lýsing á starfi 20%, lýsing starfsumhverfis 20%, samantekt 50%, frágangur og stíll 10%.

Dagsetning: 20.8.2013


Undirritun kennara


Halldor Vilhjálmsson

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils